

Ár 1914, mánudaginn 2. nóv. var í landsyfirdóminum

málinu 17/1914

Hálf dán Hálf dánarson

gegn

Ásgeiri I. Ásgeirssyni.

uppkveðinn svofeldur

### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði fyrir gestarétti Ísafjarðarsýslu stefndi, Ásgeir I. Ásgeirsson kaupmaður í Tröð í Alftafirði gegn áfrýjanda, Hálf dani Hálf dánarsyni formanni í Hnifsdal, til greiðslu á skuld að upphæð 21 kr. fyrir sild, er stefndi telur áfrýjanda hafa fengið hjá sér í maí og júní 1913. Var málið dæmt í gestaréttinum 17. des. f. á með þeim úrslitum, að áfrýjandi var dæmdur til þess að greiða stefnda 12 kr. af hinni umstefndu upphæð ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og ummæli nokkur í sóknarskjali stefnda dæmd dauð og ómerk, en málskostnaður var látinn falla niður. Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 27. marz þ. á., og gert þær kröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt og hrundið þannig, að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina, þar á meðal krafa um sekt fyrir áðurnefnd meiðandi og móðgandi orð, er stefndi hafi haft um áfrýjanda í sóknarskjali fyrir gestaréttinum. Svo hefir áfrýjandi einnig krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, nema ómerk-ingarákvæði hans, og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Fyrir sildarúttekt þeirri, er mál þetta er út af risið hefir stefndi gert þannig lagaðan reikning:

1. 8. maí 2 skeppur af síld á . . . . .	kr. 6.00
2. 20. maí 2 1/2 skeppa af síld á . . . . .	— 7.50
3. 1. júní 2 skeppur af síld á . . . . .	— 6.00
4. 18. júní 4 skeppur af síld á . . . . .	— 12.00
	<hr/>
	alls kr. 31.50

En þar af eru viðurkendar greiddar . . . — 10.50

Svo að eftir verða kr. 21.00

Hafði héraðsdómarinn dæmt áfryjanda til þess að greiða 12 kr., þær, er í 4. lið reikningsins getur, en að öðru sýknað hann af skuldakröfunni. Með því að stefndi hefir ekki áfryjað málinu af sinni hálfu, verður eigi talsmál um að breyta dómnum honum í vil, og eins og málið liggur fyrir yfirdóminum, er að eins, að því er skuldakröfuna snertir, um að ræða skyldu áfryjanda til þess að greiða umræddar 12 krónur.

Eftir málf lutningi aðila verður það að teljast viðurkent, að síld sú, er í 4. lið reikningsins greinir, hafi verið pöntuð af einum af hásetum áfryjanda hjá stefnda. En áfryjandi hefir borið á móti því fastlega, að hann hafi leyft eða boðið hásetanum að taka síldina hjá stefnda, heldur hafi hann beinlínis bannað bæði honum og öðrum hásetum sínum að eiga þesskonar kaup við stefnda fyrir sína hönd, því að málsaðilar hafi verið ósáttir út af síldarkaupum, er áður gerðust þeirra á milli. Það verður líka að líta svo á sem stefnda hafi verið kunnugt um það, að áfryjandi ætlaði sér eigi að eiga síldarkaup við hann, enda hefir stefndi eigi sannað, að hásetinn hafi haft heimild til að taka síldina þar. Þegar áfryjandi sá, að áður nefndur háseti hans tók síldina hjá stefnda, þá bannaði

hann honum það, og var sildinni þá samstundis hleypt aftur úr börum þeim, er hún var látin í og áfryjandi átti, niður í bát stefnda, er hún virðist hafa verið tekin úr. Það verður því að líta svo á, að sild þessi hafi aldrei úr vörzlum stefnda farið og að áfryjanda hafi aldrei orðið skylt að greiða andvirði hennar. Ber því að sýkna áfryjanda af kröfu stefnda einnig að því er þessar 12 kr. snertir.

Þær kr. 10.50, er áfryjandi greiddi fyrir sild þá, er hann fékk hjá stefnda, vora borgaðar eftir að málið hafði verið lagt til sátta, og hafði umboðsmaður stefnda komist svo að orði í sóknarskjali sínu, að áfryjandi hefði gert það til þess að »þykjast ærlegri«. Þessi ummæli voru dæmd dauð og ómerk í gestaréttardómnum, og þykir eigi ástæða til að breyta honum að þessu leyti. Svo getur yfirdómurinn og fallist á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins.

Eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi, Hálfán Hálfánarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Asgeirs I. Asgeirssonar. Að öðru leyti á hinn áfryjaði gestaréttardómur að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.